

**Athuganir á varðveislu beina úr
kirkjugarðinum að Neðri-Ási**

Hildur Gestsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS-041-97111

Reykjavík 1997

1. Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um athuganir á varðveislu þeirra beina úr kirkjugarðinum að Neðri-Ási í Hjaltadal sem þegar hafa verið rannsökuð. Skýrslan er skrifuð vegna fyrirhugaðs framhalds á fornleifarannsóknum þar. Ekki verða neinar frekari beinafræðilegar athuganir gerðar að svo stöddu.

Fornleifauppgröftur hefur tvisvar farið fram að Neðri-Ási. Þór Magnússon þjóðminjavörður og Sr. Hjálmar Jónsson grófu þar tvo skurði þann 29. september 1984, sunnan við svokallað Bænhús, fjárhús sem talið er að hafi verið byggt ofan í gamla kirkjutóft. Þar komu þeir niður á tvær beinagrindur sem þeir tóku og afhentu prófessor Jóni Steffensen (Þór Magnússon, 1985; Hjálmar Jónsson, 1997).

Seinni fornleifarannsóknin að Neðri-Ási fór fram dagana 18. - 30. ágúst 1997 undir stjórn Sigurðar Bergsteinssonar fornleifafræðings með aðstoð skýrsluhöfundar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að athuga hvort greina mætti leifar af kirkjunni sem á að hafa staðið að Ási, en einnig var ein gröf opnuð að hluta, til þess að athuga varðveislu á beinum. Þau voru ekki tekin upp.

2. Varðveisla

Úr gröf I frá 1984 voru tekin hauskúpa með nokkuð brotin andlitsbein, brot úr báðum herðablöðum, brot úr öllum sjö hálsliðum, eitt hægra og eitt vinstra rífhöfuð og leifar af bæði hægri og vinstri upparmslegg, sveif og öln. Úr gröf II komu hauskúpa með brotin andlitsbein sem vantaði þó nokkuð af, brot úr báðum herðablöðum og viðbeinum, og nokkur brot af hálsliðum, trúlega fyrstu fjórum eða svo. Öll þessi bein

eru mjög illa varðveitt. Þau hafa öll ofþornað, sem veldur því að ytra lagið, barkarbein (cortical bone) allra beina hefur flagnað af innra laginu, frauðbeininu (trabecular bone). Þetta sést bæði á flötum beinum, eins og kúpubeinum, og löngum beinum. Þetta þýðir að flestallar mikilvægar upplýsingar um beinin, bæði mælanlegar og meinafræðilegar breytingar hafa tapast, og því er lítið hægt að greina með vissu.

Við rannsókinna 1997 var eins og áður er sagt ein gröf opnuð. Hauskúpa, vinstra herðablað, og báðir upparmsleggir voru grafinn fram að nokkru. Vinstri hlið hauskúpunnar var brotin og eitthvað hafði flagnað af vinstra nærupparmslegg, en

Mynd 1. Beinagrindin úr uppgreftrinum að Neðra-Ási 1997.

annars virtist svo sem barkarbein hafi varðveist mjög vel (sjá mynd 1), miklu betur en sást í gröf I og gröf II frá 1984. Því er mjög líklegt að slæm geymsluskilyrði, léleg pakning og of þurrar geymslur eigi stóran hlut í hvað beinin frá eldri uppgreftrinum hafa varðveist illa. Hins vegar var greinilegt við uppgröftinn 1997 að barkarbein er sumstaðar orðið mjög mjúkt. Því er nauðsynlegt að ef ráðist verður í frekari uppgröft á Neðri-Ási að ýtrustu varúðar verði gætt við uppgröftin á beinunum sjálfum, að hugað sé að þurrkun þeirra strax í upphafi og að þau komist í forvörslu eins fljótt og mögulegt er til þess að koma sem mest í veg fyrir skemmdir. Áætla má að það taki vanan grafara um 6 - 8 klukkustundir að grafa upp eina beinagrind (þá er talið með öll skráning, ljósmyndun og svo framvegis), og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því þegar unnið er að undirbúningi uppgraftarinns.

3. Lokaorð

Á síðustu áratugum hefur beinafræði og sérstaklega fornmeinafræði (palaeopathology) þróast þannig að áhuginn hefur færst frá rannsóknum á einstökum áhugaverðum tilfellum, í það að rannsaka og bera saman safn beinagrinda. Þetta er kallað palaeodemography á fræðimáli. Þá er nauðsynlegt að hafa samstæðan hóp beinagrinda, eins og allar grindur úr kirkjugarði, sem myndar úrtak af því fólki sem bjó á ákveðnum stað á ákveðnum tíma (Waldron, 1994). Í kirkjugarðinum að Neðri-Ási er væntanlega varðveitt slíkt safn beinagrinda sem hentar vel til þess háttar rannsókna, sérstaklega ef að kirkjugarðurinn að Neðri-Ási er eins gamall og fyrstu rannsóknir gefa til kynna, þ.e. að sumar grafir að minsta kosti, séu frá því fyrir 1104. Með því að beita nútíma aðferðum við uppgröft, forvörslu og úrvinnslu er hægt að

tryggja að hámarksupplýsingar fái um hverja beinagrind fyrir sig og að
palaeodemographísk rannsókn verði möguleg.

Heimildaskrá

Hjálmar Jónsson. 1997. Kirkjan að Ási í Hjaltadal. Merkar fornleifar.
Morgunblaðið. Sunnudagur 21 september.

Waldron, T. 1994. *Counting the Dead*. (John Wiley & Sons: Chichester).

Þór Magnússon. 1985. Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984. *Ábók Hins Íslenska
Fornleifafélags* 1984: 183-213.